

## Philotimia vs. Humilitas

Þjónandi leiðtogi í síkvikum heimi

Sr. Lena Rós Matthíasdóttir  
Erindi flutt á kynningu um þjónandi forystu  
á vegum Þekkingarseturs um þjónandi forystu í húsi UMFÍ 22/3 2012  
Stuðst við bók John Dicksons,  
„Humilitas – A Lost Key to Life, Love, and Leadership“

## Forn-Grískur hugmyndaheimur

### Philotimia

Bókstaflega merking var  
„ást á heiðri“  
- eitthvað sem allir  
girntust.

Heiður


### Humilitas

Bókstafleg merking var  
„að verða undir“  
- eitthvað sem allir  
óttuðust.

Skömm

### Philotimia

Sjálfsstjórn  
Hjálpfýsi  
Kurteysi  
Greiðasemi  
Nægjusemi  
Þekkingarleit  
Virðing fyrir góðu fólki  
Ekki bölvva syni  
Góð stjórn á eiginkonu  
Leita réttlætis  
Fyrirlíta enga  
Tilbiðja hið guðlega  
Ekki hæðast að látnum  
Vernda mannorðið  
Virða hina eldri  
Virða sjálfan sig  
Láta lífið fyrir landið  
Ekki treysta á heppni



### Philotimia

Konur tilheyrðu einnig þessu siðferði sem einkenndist af heiðri og skömm.

Konan var viðfang karlsins líkt og búsmalinn. Hún var falin, hljóð og nafnlaus.

Heiður var líka eftirsóknarverður á meðal kvenna, en hann byggði ekki á samkeppni.

Konur þurftu að standa saman og stóla hvor á aðra svo að á meðal þeirra þróaðist annars konar siðferði.

Með trausti og gagnkvæmri virðingu öðluðust þær heiður og hylli kynsystra.



### Aristoteles

„Maður er rólegri nálægt þeim sem auðmýkja sig og setur sig ekki upp á móti þeim“.

„Sá sem lítur á sig sem óæðri eða lægri í tign er hræddur og enginn vill ráðast á eða minnka þann mann“.

„Þetta gildir alls staðar þar sem auðmýktir eru, meira að segja á meðal hunda, því hundur bítur ekki sitjandi hund“.



### Að auðmýkja sig

Yeshua Ben Sirah, höfundur Síraksbókar segir í einu riti sínu þar sem hann ávarpar nemendur sína:

„Auðmýkið ykkur fyrir hinum miklu. Ljáið hinum fátæku eyra og móttakið kveðju þeirra í auðmýkt!“



**Yeshua ben Yosef**

„Takið á yður mitt **ok** og lærið af mér, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar. Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt.“ (Mt. 11. 29-30).

Til að uppfylla **ok** rabbínanna þurfti maður að læra og framkvæma þúsundir boðorða varðandi daglega iðju s.s. vinnu, hvíld, borðsiði, handþvott, kynlíf, búskap, trúariðkun, nám o.s.frv.

Orðið auðmýkt táknaði lægingu (ens. lowliness eða submissiveness). Auðmýkt var ætluð þrælum, ekki virtum rabbínum – Hið gamla humilitas, (að vera niðurlægður).



**To do – list**


## „Auðmýkt - Common sense“

Enginn er sérfræðingur í öllu!

Allir þarfnast leiðsagnar í einhverju!

### Auðmýkt í verki

1. Auðmýkt kallar á sjálfsvirðingu. Það er ómögulegt að vera auðmjúk/ur án þess að hafa heilbrigðan sjálfsskilning, bæði hvað varðar sjálfsmynd og færni.
2. Auðmýkt er gjörningur. Hún er val, eitthvað sem þú ákveður að temja þér. Öðrum kosti er hún niðurlæging (humiliation).
3. Auðmýkt er félagslegt fyrirbæri, en ekki einkaeign eins og fallegur hugsunaráttur eða tilhneygingin að tala aldrei um afrek þín og svo framvegis. Það er annað fyrirbæri sem heitir hógværð.



### Auðmýkt - Vöxtur

Auðmýktin er farvegur visku og vaxtar, því einungis sá sem er tilbúinn að lægja sjálfan sig og leyfa öðrum að miðla af þekkingu sinni, lærir meira í dag en í gær.

Að lægja sjálfan sig er ekki það sama og leggjast í gólfíð til að þjóna sem dýramotta fyrir aðra.

Að lægja sjálfan sig felur í sér að opna á þá hugmynd að þú hafir rangt fyrir þér en hinir hafi rétt fyrir sér.

Þannig verður hið lægsta að hinu æðsta. Styrkurinn felst í lægingunni.



### Auðmýkt - Samskipti

Auðmýktin styrkir samskipti vegna þess að hún fóstrar heilindi samskipta

Auðmjúk samskipti er aðeins hægt að ástunda í heilindum – eða í sannleika

Þannig leiða auðmjúk samskipti til vaxtar og þroska, ekki aðeins fyrir þann sem lægir sig heldur einnig fyrir hina



### Auðmýkt - Leiðtogi

Færni – leiðtogi hefur öðlast færni eða þekkingu á sínu sviði sem nýtist til að leiða aðra (mikilvægt)

Vald – leiðtogi er sá sem stöðu eða menntunar sinnar vegna getur gert tilkall til þess að vera leiðtogi (ekki mikilvægt)

Fordæmi – leiðtogi er sá sem með lífurni sínu laðar aðra til eftirbreytni (mjög mikilvægt)

Sannfæringarkraftur – leiðtogi er sá sem hrýfur aðra með sér, ýmist til eftirfylgni eða ábyrgðar (grundvallandi þáttur)

## Frelsi



## Þjónandi leiðtogi